



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1468*  
*komudagur 11.2.2013*

Kópavogur 10. febrúar 2013

**Varðar: þingskjal 604 — 470. Mál. Tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020**

Ágætu nefndarmenn.

Hjartavernd fagnar ítarlegri tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 og þakkar fyrir að fá tækifæri til að setja fram athugasemd.

**Legg til að bætt verði við nýrri grein.**

*Aðgerð.* Kannað verði hvernig dauðsföllum er háttað í heilbrigðiskerfinu vegna rangrar eða ónógrar meðferðar

*Ábyrgð.* Velferðarráðuneytið

*Framkvæmd.* Sett verði á laggirnar starfshópur með aðkomu einstaklinga annars staðar frá en hinum opinbera geira sem koma skal með tillögur í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar sem ná skulu m.a. til ábyrgðar.

*Samstarfsaðilar.* Opinberir aðilar s.s. Embætti landlæknis og aðilar utan opinbera geirans s.s. Læknafélagðið og lögfróðir aðilar frá Háskólunum. Sérstaklega skal leita eftir aðilum með þekkingu á úrvinnslu úr flóknum gögnum.

Virðingarfyllst,

Vilmundur Guðnason prófessor og forstöðulæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar